



ÁRSKÓGSVIRKJUN Í ÞORVALDSDAL

Breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020


22.12.2025

br.03.03.2026




SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 17/3 2026





Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 01.06.2026





SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 20.02.2025 með athugasemdafresti til: 10.03.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 12.01.2026 með athugasemdafresti til: 24.02.2026.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

104233-05-ASK-V06

HÖFUNDUR

ÍS/MMR

RÝNT

IS/ÁSS

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Skipulagsgögn	5
1.2	Markmið breytinga	5
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	6
2.1	Skipulagssvæðið	6
2.2	Fornleifar	6
2.3	Vatnalíf	7
2.4	Náttúruvá	7
2.5	Tengsl við aðrar áætlanir	7
2.5.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	7
2.5.2	Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024	7
2.5.3	Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020	8
2.5.4	Deiliskipulag	9
3	BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI	10
3.1	Breyting á uppdrætti	10
3.2	Breyting á greinargerð	10
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	11
4.1	Valkostir	11
4.2	Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið	11
4.3	Umhverfismat	12
4.4	Niðurstaða	14
5	KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI	15
5.1	Kynning og samráð	15
5.2	Umsagnaraðilar	15
5.3	Skipulagsferli	15
5.4	Breytingar eftir auglýsingu tillögu	15
6	BREYTINGARUPPDRÁTTUR	16

1 INNGANGUR

Hér er sett fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfismatsskýrslu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Breytingin felur í sér að skilgreina nýtt iðnaðarsvæði og efnistökusvæði í Þorvaldsdal í Dalvíkurbyggð þar sem Arctic Hydro áformar að reisa 5,0 MW vatnsaflsvirkjun sem ber heitið Árskógsvirkjun. Unnið verður deiliskipulag fyrir framkvæmdina samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Virkjunin er tilkynningarskyld (B-flokkur) til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. tl. 3.15 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021, þar sem um er að ræða vatnsorkuver með uppsett rafafi 200 kW eða meira. Framkvæmdaraðili hefur þó ákveðið að meta umhverfisáhrif að fullu og hefur tilkynnt Skipulagsstofnun um þá málsmeðferð í samræmi við 3. mgr. 19. gr. sömu laga. Er það einkum vegna friðlýstra fornminja í Þorvaldsdal nærri framkvæmdasvæðinu og vegna hugsanlegra áhrifa á vatnalíf og votlendi.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti. Skipulagsgögn eru greinargerð þessi ásamt breytingaruppdrætti aftast í mkv. 1:50.000, sem sýnir gildandi og breytt skipulag.

1.2 Markmið breytinga

Markmið breytinganna er að afmarka nýtt iðnaðarsvæði og efnistökusvæði sem heimila uppbyggingu á 5,0 MW vatnsaflsvirkjun.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

2.1 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er í Þorvaldsdal sem liggur suður/norður við vestanverðan Eyjafjörð sunnan við Árskógssand, um 10 km sunnan Dalvíkur. Þorvaldsdalur allur er um 18 km langur og nær suður að Hörgárdal, en framkvæmdasvæðið er nálægt mynni dalsins að norðanverðu og nyrsti hluti pípunnar og stöðvarhúsið er á tiltölulega flötu landi fyrir utan dalsmynnið. Innan skipulagssvæðisins verður efnistökusvæði, lón, stíflustæði, pípuleið og stöðvarhús. Á pípuleið skiptast á melar og mólendi en við stíflustæði og lón er meira um graslendi og mólendi. Lón mun fara að hluta yfir votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Vistgerðir á svæðinu hafa hátt eða mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernar-samningsins frá 2014 en með allmikla útbreiðslu á landsvísu. Aðkoma að virkjuninni er frá vegi nr. 8129 þar sem beygt er inn á malarslóða við spennistöð Rarik og liggur sá malarslóði upp Þorvaldsdalinn vel inn fyrir fyrirhugað stíflustæði. Fyrirhugað er að styrkja þennan slóða til að hann geti borið þá umferð sem þörf er á vegna uppbyggingar virkjunarinnar.

2.2 Fornleifar

Búið er að skrá fornleifar á skipulagssvæðinu frá Þorvaldsdalsá, skammt sunnan Vaðhóls í norðri og um 5 km leið inn/suður með dalnum, nokkuð suður fyrir bæjarstæði Grundar. Skráningin var unnin af Byggðasafni Skagfirðinga, sumarið 2024¹.

Minjar eru víða á svæðinu og tengjast að mestu leyti fyrri búsetu. Tekið hefur verið tillit til þeirra minja sem eru innan skipulagssvæðisins, en þó er ljóst að einhverjar þeirra munu fara undir lón, aðallega garðlög, skurðir og landbúnaðarminjar.

Í deiliskipulagi og mati á umhverfisáhrifum verður fjallað nánar um fornleifar á svæðinu og hvernig dregið verður úr áhrifum framkvæmda á þær.



MYND 1. Staðsetning skipulagssvæðis í Þorvaldsdal, Dalvíkurbyggð.

¹ Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir (2024). Þorvaldsdalur, Eyjafirði. Fornleifaskráning vegna framkvæmda. Byggðasafn Skagfirðinga.

2.3 Vatnalíf

Þorvaldsdalsá er fiskgeng rúma 2 km frá sjó, upp að fossi rétt neðan við Ólafsfjarðarveg. Bleikja er svo til allsráðandi fiskitegund í Þorvaldsdalsá, sjógengin bleikja fyrir neðan foss og staðbundin bleikja fyrir ofan foss. Þorvaldsdalsá er dragá með lítil lindaráhrif svo rennsli árinna er mjög breytilegt milli árstíða og margfaldast yfir sumarið þegar köld snjóbráð kemur niður úr fjöllum beggja vegna dalsins.

2.4 Náttúruvá

Þorvaldsdalur er utan helstu jarðskjálftabelta landsins. Engu að síður geta fundist jarðskjálftar og skal hönnun mannvirkja, þar á meðal stíflu og stöðvarhúss, miðast við gildandi kröfur um jarðskjálftaálág.

Aðrir náttúruváþættir, svo sem flóð eða skriðuföll, eru ekki taldir hafa áhrif á skipulagslega afmörkun framkvæmdarinnar. Kröfur vegna slíkra þátta verða skilgreindar á hönnunarstigi mannvirkja í samræmi við gildandi reglur og staðla.

2.5 Tengsl við aðrar áætlanir

Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Horft er sérstaklega til áhersla og stefnumiða í eftirfarandi stefnum:

2.5.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Væntanleg virkjunaráform taka mið af eftirfarandi áherslum landsskipulagsstefnu:

Áhersla A.6: Skipulagsgerð vegna orkunýtingar gæti að náttúruvernd.

Framfylgd við skipulagsgerð:

2. Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.
3. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði leitast við að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru, landslag, menningarminjar og víðerni.

Áhersla B.5: Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituinnviðum sem tryggja öryggi.

Framfylgd við skipulagsgerð:

8. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.

2.5.2 Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024

Í svæðisskipulaginu er sett fram stefna um flutningsleiðir raforku með 132 kV og hærri spennu, virkjun af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir er því ekki viðfangsefni svæðisskipulagsins. Það er þó stefna svæðisskipulagsins að „...stuðlað skal að uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar í Eyjafirði“.

2.5.3 Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020

Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 er enn í gildi en vinna er hafin við endurskoðun aðalskipulagsins. Í gildandi aðalskipulagi er Þorvaldsdalur skilgreindur á eftirfarandi hátt²:

Landbúnaðarland L1

- Í greinargerð aðalskipulagsins eru landbúnaðarsvæði skilgreind á eftirfarandi hátt:
- „Landbúnaðarlandi er skipt í tvo flokka. Annars vegar er mestallt land neðan 300 m hæðarlínu, merkt L1. Afmörkunin þess byggist ekki á greiningu á landnotkun eða staðháttum heldur er um að ræða einfalda viðmiðun. Hins vegar eru svæði, sem afmörkuð eru í grófum dráttum utan um það land sem að öllum líkindum getur talist gott landbúnaðarland sem hentar vel til búvöruframleiðslu (L2).“

Minjasvæði

Tvær töftabyrpingar hafa verið friðlýstar í dalnum, Þórhallakot og Hávarðarstaðir. Jafnframt eru fleiri minjar í dalnum.

Hverfisverndað svæði (819-Hv), einkum vegna þriggja atriða:

- Brattavallahólar, berghlaupshrúgald í fjallshlíðinni í vestanverðum í dalnum.
- Hrafnagilshraun og Kúgilsvatn, berghlaupsdyngja um miðjan dalinn.
- Kotahólar, allvíðlent hólasykki í mynni Þorvaldsdals að austanverðu.

Um hverfisvernduð svæði segir:

„Taka skal sérstakt tillit til þess sem vernda á á hverju svæði áður en leyfi er gefið fyrir framkvæmdum sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða varanlega breytingu á svæðinu þannig að tryggt verði að verndarmarkmið náist. Á hverfisverndarsvæðum verða hefðbundnar landnytjar áfram heimilar svo og gerð, viðhald og endurbætur nauðsynlegra mannvirkja vegna nýtingar landsins.“

„Afmörkun hverfisverndarsvæða er ekki ráðandi um grunnlandnotkun á hverju svæði en getur haft áhrif á hvaða svigrúm verður til landnotkunar á viðkomandi reit eða svæði og hvaða skilyrðum uppbygging verður háð.“

Ekki verður ráðist í breytingu á afmörkun hverfisverndarsvæðis þar sem uppbygging vatnsaflsvirkjunar verður gerð að teknu tilliti til ákvæða hverfisverndar.

Í aðalskipulaginu frá 2009 er ekki að finna stefnu sveitarfélagsins í orkumálum, orkuöryggi eða nýtingu vatnsafls. Ekki er gert ráð fyrir Árskógsvirkjun í gildandi aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar og því þarf að ráðast í þá breytingu sem hér er fjallað um. Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Skulu opinberar áætlanir stjórnvalda, s.s. vegna skipulagsmála, vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun.

² Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020.

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins Árskógssandur nr. 102-131-G. Núverandi ástand grunnvatnshlotsins er sú að magnstaða og efnafræðilegt ástand er óþekkt en umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Nánar verður fjallað um áhrif virkjunarinnar á vatnshlotið í umhverfismati.

2.5.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið né á aðliggjandi svæðum. Unnið er að gerð deiliskipulags Árskógsvirkjunar samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari.

3 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

Breytingar eru gerðar á greinargerð aðalskipulags og á aðalskipulagsupprætti.

Afmörkun hverfisverndarsvæða er ekki ráðandi um grunnlandnotkun á hverju svæði en getur haft áhrif á hvaða svigrúm verður til landnotkunar á viðkomandi reit eða svæði og hvaða skilyrðum uppbygging verður háð. Ekki verður því ráðist í breytingu á afmörkun hverfisverndarsvæðis þar sem uppbygging vatnsaflsvirkjunar verður gerð að teknu tilliti til ákvæða hverfisverndar.

3.1 Breyting á upprætti

Bætt er við nýjum landnotkunarreit fyrir iðnaðarsvæði sem fær merkinguna 834-I. Afmörkun nýs landnotkunarreits nær utan um framkvæmdasvæði virkjunarinnar sem liggur frá mynni Þorvaldsdals og tæplega 5 km inn dalinn. Áætluð efnispörf fyrir framkvæmdina er um 150.000 m³ sem fengið er úr þremur nýjum efnistökusvæðum og einu eldra efnistökusvæði merkt 814-N í gildandi aðalskipulagi. Í efnistökusvæði 814-N er gert ráð fyrir hámarksefnistöku um 15.000 m³. Að auki verður notast við efni sem fæst við gerð lónsstæðis, allt að 95.000 m³. Á upprætti eru nýju efnistökusvæðin sýnd sem fá merkingarnar 835-N, 836-N og 837-N.

3.2 Breyting á greinargerð

Í töflu um iðnaðarsvæði er bætt við nýju svæði 834-I:

TAFLA 1. Stefna fyrir iðnaðarsvæðið 834-I.

NR.	STÆRÐ	SVÆÐI	LÝSING	SKIPULAGSÁKVÆÐI
834-I	58 ha	Þorvaldsdalur	Iðnaðarsvæði Árskógsvirkjunar í Þorvaldsdal fyrir vatnsaflsvirkjun sem samanstendur af lóni, stíflustæði, aðrennslispípu, stöðvarhúsi og frárennslisskurði.	Heimilt er að vera með allt að 5 MW vatnsaflsvirkjun með 118 m fallhæð í Þorvaldsdal sem tengd verður dreifikerfi Rarik en virkjunin mun tengjast spennistöð Rarik við Stærri-Árskóg um 400m langan jarðstreng. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og 3.800 m langrar aðrennslispípu. Áætluð efnispörf er 150.000 m ³ úr fyrirhuguðum efnistökusvæðum á framkvæmdasvæðinu. Samræma skal útlit og yfirbragð mannvirkja og fella þau að landi eftir því sem hægt er. Heimilað byggingarmagn lokahúss og stöðvarhúss er allt að 300 m ² auk inntaksþróar og yfirfalls. Gert er ráð fyrir efnistöku í lónsstæðinu, allt að 95.000 m ³ .

Í töflu um efnistökusvæði er bætt við þremur nýjum svæðum; 835-N, 836-N og 837-N.

TAFLA 2. Stefna fyrir ný efnistökusvæði.

NR.	STÆRÐ	SVÆÐI	LÝSING	SKIPULAGSÁKVÆÐI
835-N	0,4 ha	Þorvaldsdalur.	Setnáma	Nýtt tímabundið vegna uppbyggingar Árskógsvirkjunar, svo lokuð og frágengin. Hámarksefnistaka 15.000 m ³ .
836-N	0,5 ha	Þorvaldsdalur.	Setnáma	Nýtt tímabundið vegna uppbyggingar Árskógsvirkjunar, svo lokuð og frágengin. Hámarksefnistaka 10.000 m ³ .
837-N	0,5 ha	Þorvaldsdalur.	Setnáma	Nýtt tímabundið vegna uppbyggingar Árskógsvirkjunar, svo lokuð og frágengin. Hámarksefnistaka 15.000 m ³ .

4 UMhverfismatsskýrsla

Breyting aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

Umhverfismat verður unnið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 en skv. þeim lögum fellur framkvæmdin undir tl. 3.15 í 1. viðauka, þar sem um er að ræða vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira.

4.1 Valkostir

Í þessu umhverfismati eru tveir kostir teknir til skoðunar; núllkostur og valinn kostur. Upphaflega var gert ráð fyrir stíflustæði norðar í dalnum, sem hefði haft í för með sér minni stíflu og minna lón. Þessi staðsetning reyndist þó óásættanleg að mati Minjastofnunar þar sem hún hefði raskað friðlýstum fornleifum við Hávarðarstaði. Í kjölfarið var stíflustæðið fært sunnar, út fyrir áhrifasvæði fornminjanna og er því valinn kostur í matinu. Aðrennslispípa og vegur þvera þó áhrifasvæðið eins og lýst er nánar í deiliskipulagi Árskógsvirkjunar.

TAFLA 3. Lýsing á valkostum.

VALKOSTUR	LÝSING Á VALKOSTI
Núllkostur – engin virkjun.	Núllkostur felur í sér að núverandi ástand haldist óbreytt, þ.e.a.s. að ekki verður farið í virkjanaframkvæmdir fyrir Árskógsvirkjun og engin efnistaka. Svæðið verður áfram landbúnaðarsvæði.
Valinn kostur	5,0 MW vatnsaflsvirkjun með 118 m fallhæð í Þorvaldsdal sem tengd verður dreifikerfi Rarik en virkjunin mun tengjast spennistöð Rarik við Stærri-Árskóg um 400 m langan jarðstreng. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og 3.800 m langrar aðrennslispípu. Áætluð efnisþörf er 150.000 m ³ úr fyrirhuguðum efnistökusvæðum á framkvæmdasvæðinu.

4.2 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið

Í töflu 4 eru taldir upp umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar sem tekið er tillit til við gerð breytingarinnar.

TAFLA 4. Yfirlit yfir umhverfisþætti, viðmið og matsspurningar.

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	MATSSPURNINGAR
Land og landslag: Landslag. Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð. Jarðminjar. Jarðvegur – jarðvegsrof. Ásýnd og sjónræn áhrif.	Landsskipulagsstefna 2024-2038 • Áhersla á verndun viðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.	Hefur áætlunin áhrif á landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur áætlunin áhrif á jarðminjar? Hefur áætlunin áhrif á ásýnd svæðis?
Gróður, vatnalíf og dýralíf: Gróðurlendi og vistkerfi.	Landsskipulagsstefna 2024-2038	Hefur áætlunin áhrif á gróður, bakkagróður og vistkerfi?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Búsvæði dýra. Vatnafar	- Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 - Hafa verður í huga að vernda þarf allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess. Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar - Stefnt er að því að allar ár, lækir, vötn og tjarnir verði í flokki A, ósnortið vatn. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið útivistargildi.	Hefur áætlunin áhrif á búsvæði dýra? Hefur áætlunin áhrif á veiði og vatnalíf? Hefur áætlunin áhrif á vatnafar og vatnshlot?
Samfélag: Atvinnulíf Samfélagsleg áhrif Útivistarmöguleikar Ferðamennska	Landsskipulagsstefna 2024-2038 - Við skipulagsgerð í dreifbýli verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar - Sérstök áhersla skal lögð á að gera útivistarsvæði sveitarfélagsins aðgengileg og eftirsótt. - Áhersla lögð á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf	Hefur áætlunin áhrif á atvinnulíf? Hefur áætlunin áhrif á landbúnaðarland? Hefur áætlunin áhrif á útivistarmöguleika?
Náttúru- og menningarminjar: Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá. Hverfisvernd. Fornminjar.	Fornleifaskráning fyrir Þorvaldsdal Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar Lögð skal rík áhersla á náttúruvernd og tekið tillit til sögumínja við nýtingu lands og landgæða.	Hefur áætlunin áhrif á fornminjar? Hefur áætlunin áhrif á friðlýstar minjar? Hefur áætlunin áhrif á verndarsvæði?

4.3 Umhverfismat

Aðalskipulagsbreyting:

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg. Tilkoma stíflu, lóns og mannvirkja mun hafa áhrif á ásýnd svæðisins. Þó er ekki gert ráð fyrir að byggingar framkvæmdarinnar valdi verulegum sjónrænum áhrifum, þar sem hönnun þeirra verður unnin með það að markmiði að falla sem best að landslagi. Hámarkshæð stöðvarhúss verður um 7 metrar, en með vandaðri útfærslu á efnisvali, litum og formi mannvirkja verður leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum og tryggja að ásýnd svæðisins raskist sem minnst. Frekari skilmálar eru útfærðir í deiliskipulagi.

Áhrif á gróður, vatnalíf og dýralíf eru metin óveruleg og neikvæð. Gróður kemur til með að raskast við uppbyggingu mannvirkja, vega og veitna. Vistgerðir á svæðinu hafa hátt eða mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 en með allmikla útbreiðslu á landsvísu. Neikvæðu áhrifin eru þó nánast eingöngu á votlendi í lónsstæði þar sem um er að ræða lítið svæði sem mun raskast við stíflu og lón.

Árskógsvirkjun mun ekki hindra eða hafa áhrif á göngu fiska úr sjó þar sem stöðvarhúsið verður fyrir ofan ófiskgenga fossinn við Ólafsfjarðarveg. Áhrif á vatnafar mun hins vegar breytast og teljast neikvæð, einkum milli stíflu og stöðvarhúss þar sem rennsli skerðist verulega, og allnokkuð lón mun myndast ofan stíflu þar sem áður var rennandi vatn. Miðlun mun jafnframt hafa áhrif niður allan farveginn.

Í lónstæði virkjunarinnar munu búsvæði votlendisfugla raskast varanlega. Sambærileg búsvæði og fara undir lónið ná aðeins lengra upp í hlíðina og út fyrir lónstæðið, en eru ekki nógu stór til að geta tekið við tilfærslu allra fugla sem missa sín búsvæði. Það verður því að öllum líkindum staðbundin fækkun hjá þeim tegundum votlendistegundum sem nú verpa í lónstæði, eru það einkum t.d. hrossagaukur, stelkur og lóupræll. Allt eru það algengar fuglategundir sem finnast um allt land. Áhrif á búsvæði mófugla og annarra fugla á þurru landi takmarkast við mannvirki virkjunar, einkum veg og pípu milli stíflu og stöðvarhúss. Vegurinn er að miklu leyti á núverandi vegi og pípusárið mun aftur nýtast fuglum sem varpsvæði eða til fæðuöflunar. Mikið af sambærilegum búsvæðum er allt í kring og áhrif á mófugla og aðra fugla á þurru landi verða því óveruleg. Á þetta við um t.d. heiðlóu, spóa og rjúpu.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Uppbygging á svæðinu eykur líkur á fjölgun starfa í sveitarfélaginu og með styrkingu vegar að stíflu batnar aðgengi almennings að svæðinu sem nýtist til útivistar. Raforka frá virkjuninni mun nýtast á svæði þar sem reglulega er rafmagnsleysi og truflanir sökum veiks raforkukerfis og mun virkjunin því auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru metin neikvæð. Innan skipulagssvæðisins er að finna fornminjar og svæðið nýtur hverfisverndar. Við hönnun stíflumannvirkja og pípuleiða hefur verið tekið tillit til þessara minja og framkvæmdaráformum verið breytt til að lágmarka áhrif, m.a. með því að færa fyrirhugaða stíflu og lón innar í Þorvaldaldsdal.

Í samræmi við umsögn Minjastofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar dags. 8.12.2025, er gert ráð fyrir að pípa og vegur verði grafin í gegnum garðlögin við Hávarðastaði (3247-30, 3247-39, 3247-61) að undangenginni fornleifarannsókn á þeim. Með því er dregið úr sjónrænum áhrifum á bæjarstæðin að Hávarðastöðum.

Nýr vegur við Hávarðastaði og aflagning eldri vegar mun draga úr álagi á svæðið og styrkja verndun þess. Pípuleiðin hefur einnig verið færð alfarið út fyrir friðlýst svæði Þórhallakots og engar minjar þar verða fyrir raski.

Þrátt fyrir þessar mótvægisáðgerðir er viðbúið að einstakar landbúnaðarminjar fari undir lón og verði fyrir raski innan framkvæmdasvæðisins eru það einkum garðlög, skurðir og landbúnaðarminjar.

Farið verður að mestu eftir ákvæðum hverfisverndar sem miða að því að vernda sérstakt landslag og gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis.

Gildandi skipulag (núll-kostur):

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg. Engar framkvæmdir fara fram og núverandi landnotkun helst óbreytt. Engin röskun á landslagi eða ásýnd svæðisins.

Áhrif á gróður, vatnalíf og dýralíf eru metin óveruleg. Landbúnaðarstarfsemi heldur áfram með svipuðum hætti og áður. Ekki er gert ráð fyrir auknu álagi á vistkerfi, og engin ný mannvirki eða rask sem gæti haft áhrif á lífríki.

Áhrif á samfélag eru metin óveruleg. Engar breytingar verða á aðgengi, atvinnu eða nýtingu svæðisins. Svæðið verður áfram í hefðbundinni notkun og útivistarmöguleikar verða áfram þeir sömu. Svæðið verður reglulega fyrir rafmagnsleysi og truflunum sökum veiks raforkukerfis. Óbreytt staða hefur því bæði jákvæð og neikvæð áhrif á samfélagið.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru metin jákvæð. Þar sem engin framkvæmd fer fram eru engin áhrif á friðlýstar minjar eða menningarlandslag. Svæðið helst óbreytt.

4.4 Niðurstaða

Sveitarfélagið metur heildaráhrif aðalskipulagsbreytingarinnar fyrir virkjun í Þorvaldsdal, óverulega þegar allt er skoðað.

Á framkvæmdartíma verður rask áberandi á framkvæmdarsvæðinu. Áhersla er lögð á að svæðið verði látið gróa aftur upp með staðargróðri og lagað að aðliggjandi landi eins og kostur gefst. Hugað verður að hönnun bygginga á svæðinu svo að þær falli sem best að landi s.s. með efnis- og litavali. Friðlýstar fornminjar eru í Þorvaldsdal og hefur samráð við Minjastofnun þegar farið fram. Það samráð mun halda áfram á öllum stigum verkefnisins. Stíflumannvirki, pípa og vegur hafa verið færð vegna fornminja á svæðinu. Það rask sem verður við framkvæmdina verður komið í samt horf við lok framkvæmda eins og unnt er. Því er ekki talið að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér þegar litið er til viðmiða í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

5 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI

5.1 Kynning og samráð

Á kynningartíma er almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við framlagða tillögu, og skila þeim með rafrænum hætti í skipulagsgatt.is


5.2 Umsagnaraðilar

Óskað er eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum á öllum stigum í skipulagsferlinu:

- Aðliggjandi sveitarfélög
- Fiskistofa
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfis og orkustofnun
- Rarik
- Náttúruverndarstofnun
- Landeigendur
- Vegagerðin
- Náttúrufræðistofnun

5.3 Skipulagsferli

Aðalskipulagsbreytingin verður kynnt og auglýst skv. 30. og 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:




5.4 Breytingar eftir auglýsingu tillögu

Kaflí 4.3, áhrif á náttúru- og menningarminjar, lagfærður í samræmi við umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19.02.2026.


Bætt við umfjöllun um fuglalíf á bls. 13 um áhrif á gróður, vatnalíf og dýralíf vegna umsagnar Náttúruverndarstofnunar dags. 24.02.2026.

Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020

Sveitarfélagsuppráttur - Þorvaldsdalur



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR 1:50.000



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR 1:50.000

Skýringar

--- Mörk skipulagssvæðis

LANDNOTKUN

- Þéttbýli, þéttbýlismörk
- Iðnaðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Landbúnaðarsvæði L1
- Landbúnaðarsvæði L2
- Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
- Fristundaþbyggð
- Alþreyingar- og ferðamannasvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Öbyggð svæði
- Blönduð landnotkun
- Efnistöðusvæði
- Merking landnotkunarreitna
- Landfyllingar
- Dælustöð fráveitu

TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
- Svæði á Náttúrumínjaskrá
- Vatnsverndarsvæði
- Brunnsvæði
- Grannsvæði
- Fjarasvæði
- Forminjar
- Forminjar, mínjasvæði
- Forminjar, Sveitarlangur
- Lært hönnunarhröðun í jarðskjálftum

SAMGÖNGUKERFI

- Stofnbraut
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengivegur / tengibraut
- Aðrir vegir / safngata
- Aðal göngu- og hjólastigar
- Megin útivistarstigur
- Reiðleið
- STOFNLAGNIR VEITUKERFA
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, flutningslína, heilunarsvæði
- Rafveita, jarðstrengur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás
- Ný efnistöðusvæði
- Staðsetning breytinga á uppri.



Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020 Sveitarfélagsuppráttur - Breyting Þorvaldsdalur

SKJALALYKILL:	BLAÐSTÆRD:	UNNIÐ:	RÝNT:
104233	A4	ÍS	AB
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:50.000	04.06.2025	---	

HMS	Húsnæði Mannvirki Skipulag
Mótt.:	26. MAÍ 2026
Málnr.	202502073